

Lög Kennarafélags Fjölbrautaskólans við Ármúla

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Kennarafélag Fjölbrautaskólans við Ármúla. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík

Hlutverk

2. gr.

Hlutverk félagsins er að:

- fara með málefni félagsmanna Kennarasambands Íslands er starfa við Fjölbrautaskólann við Ármúla, í samráði við Félag framhaldsskólakennara
- vinna að kjara-, réttinda- og faglegum málefnum kennara Fjölbrautaskólans við Ármúla í samvinnu við Félag framhaldsskólakennara.
- kjósa fulltrúa á aðalfundi Félags framhaldsskólakennara samkvæmt 4. gr.
- kjósa fulltrúa á fulltrúafundi í Félagi framhaldsskólakennara skv. 7. gr. laga Félagsframhaldsskólakennara

Aðild

3. gr.

Félagsmenn eru allir félagsmenn KÍ sem starfa við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Aðalfundur

4. gr.

Aðalfundur Kennarafélags Fjölbrautaskólans við Ármúla skal haldinn árlega. Hann skal haldinn í tengslum við aðalfund Félags framhaldsskólakennara þau ár sem hann er haldinn. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt á aðalfundum félagsins. Boða skal til aðalfundar með skriflegri auglýsingu innan skólans með að minnsta kosti **viku** fyrirvara. Á auglýsingunni skal dagskrá aðalfundar tilgreind. Allir félagsmenn hafa rétt til setu á aðalfundi félagsins.

Dagskrá aðalfundar

5. gr.

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Ársreikningar félagsins
- 3) Stjórnarkjör
- 4) Kosningar:
 - a) Þrjú fulltrúar í samstarfsnefnd til tveggja ára
 - b) Tveir fulltrúar í vinnumatsnefnd til tveggja ára
 - c) Þrjú fulltrúar í skólaþróunarteymi til eins árs
 - d) Tveir trúnaðarmenn til tveggja ára
- 5) Lagabreytingar
- 6) Önnur mál

Almennir félagsfundir

6.gr

Stjórn félagsins getur boðað til almennra félagsfunda. Skylt er að boða tafarlaust til almenns fundar ef 10% félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Stjórn

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, ritari, gjaldkeri, tveir meðstjórnendur og tveir trúnaðarmenn. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár og skal hún kosin á aðalfundum. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Hlutverk stjórnar

8. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda. Formaður ber ábyrgð á allri starfsemi félagsins og hefur yfirumsjón með rekstri þess.

Um gjörðabækur

9. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og skulu fundargerðir samþykktar á stjórnarfundi og undirritaðar af ritara og formanni.

Fjárreiður og bókhald

10. gr.

Gjaldkeri félagsins hefur umsjón með fjárreiðum þess og bókfærslu og leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi. Auk þess skal hann gefa stjórn og fulltrúafundi yfirlit yfir stöðu félagsins minnst einu sinni á ári. Allar launagreiðslur og þóknanir á vegum kennarafélags Fjölbrautaskólans við Ármúla eru ákvarðaðar af stjórn kennarafélagsins en skulu vera í samræmi við stefnu og áherslur Félags framhaldsskólakennara og lög KÍ.

Lagabreytingar

11. gr.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Gæta skal þess að lög kennarafélags Fjölbrautaskólans við Ármúla stangist ekki á við lög Félags framhaldsskólakennara og/eða lög Kennarasambands Íslands

Gildistaka

12. gr.

Lögin þessi voru samþykkt á aðalfundi Kennarafélags FÁ 23. apríl 2025 og öðlast gildi þegar stjórn FF hefur staðfest þau.

